

# BERNETT OUVERTYR SVART

**Bernett Ouvertyr** er hyljandi, tvíþátta, sýruhert lakk, sem gefur góða fyllingu.

**Bernett Ouvertyr** hentar vel á húsgögn og innréttingar. Hentar sérlega vel fyrir hraðar framleiðslulínur.



Bernett Ouvertyr er mjög hraðþornandi og hefur mikla hörku. Lakkið myndar rispuþolna og áferðarfallega filmu.

**Bernett Ouvertyr** gefur lítið formaldehyð frá sér hvort heldur er við lökkun eða hörðun. UPPFYLLIR E1 KRÖFUR. ÁN ARÓMATA.

#### Lökkun:

**Bernett Ouvertyr** er best að bera á flötinn með loftsprautu, háþrýstisprautu eða lakkteppavél. Mikilvægt er að efnisáburður sé jafn og í samræmi við fyrirskrifaða efnisnotkun.

#### Herðir:

Í **Bernett Ouvertyr** skal blanda Bernyl Herði 309, 12,0% í rúmmáli.

#### Þynnir:

Fyrir sprautun skal þynna lakkið með Bernylþynni 31. Flæðiseigja skal vera 20 -25 sek fyrir loftsprautu, 20-25 sek fyrir háþrýstisprautu og 25-45 sek fyrir lakkteppavél.

#### Notatími:

1 til 3 dagar eftir íblöndun herðis.

#### Hreinsun áhalda:

Með Bernylþynni 31 eða 309.

#### Annað:

Viðurinn skal vera vel þússaður. Slípa skal eftir fyrstu umferð til að fjarlægja hugsanlega ýfingu viðarins og til að tryggja örugga viðlöðun við næstu umferð. **Mikilvægt er að hræra vel saman fyrir notkun og eftir blöndun við herði og þynni.**

#### Þurrktími:

Slípiþurrkt við 20°C 4-6 klst., við 50°C 1-2 klst. og við 70°C 30-60 mín. Staflþurrkt við 20°C 6-8 klst., við 50°C 2-4 klst. og við 70°C 45-60 mín.

**Hitastig má ekki vera yfir 30°C við stöflun. Uppgefinn tími er leiðbeinandi og háður aðstæðum hverju sinni.**

#### Þykkt (flæðiseigja):

Um 130 sek. (DIN 4 við 23°C).

#### Eðlismassi:

0,99 g/ml (25°C). Skv. SIS staðli.

#### Þurrefni:

Um 49 % af massa.

## Beckers



#### Efnisnotkun:

110 - 130 g/m<sup>2</sup>.

#### Gljái:

Um 25 eða 50. Skv. Gardner 60°.

#### Hitastig við notkun:

Bæði lakkið, flötur og loft verða að vera yfir 18°C.

#### Geymsluþol:

Um 12 mánuðir í óátekinni umbúð.